

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 76/2004**

**frá 8. júní 2004**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2327/2003 frá 22. desember 2003 um bráðabirgðapunktakerfi fyrir árið 2004, sem gildir um þungaflutningabifreiðar sem fara gegnum Austurríki, innan ramma stefnu í málum er varða sjálfbæra flutninga <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*I. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 26d (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 792/94) í XIII. viðauka við samninginn:

„26e. **32003 R 2327:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2327/2003 frá 22. desember 2003 um bráðabirgðapunktakerfi fyrir árið 2004, sem gildir um þungaflutningabifreiðar sem fara gegnum Austurríki, innan ramma stefnu í málum er varða sjálfbæra flutninga (Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 30).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) II. viðauki reglugerðarinnar verði III. viðauki.
- b) Eftirfarandi bætist við á eftir I. viðauka við reglugerðina:

„II. VIÐAUKI

**Punktur sem eru til ráðstöfunar árin 2004, 2005 og 2006**

	2004	2005	2006
Ísland	572	544	515

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 30.

Liechtenstein	104 000	98 527	93 053
Noregur	26 299	24 915	23 531

“““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 2327/2003, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júní 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**S. Gillespie**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.